

Nd.

528. Breytingartillögur

[54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Við 5. gr.
 - a. 1. mgr. hljóði svo:
Lágmarksíbúatala sveitarfélags er 400 íbúar á kjörtímabili sveitarstjórna sem hefst á árinu 1986.
 - b. Upphaf 2. mgr. orðist svo:
Nú hefur íbúafjöldi sveitarfélaga verið lægri en tilskilið lágmark í þrjú ár samfelld o.s.frv.
2. Við bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:
Pegar eftir setningu laga þessara skal félagsmálaráðherra skipa nefnd til að gera tillögur um skipan nýrra stjórnsýslueininga á héraðsgrundvelli. Skal nefndin m.a. skipuð fulltrúum tilnefndum af samtökum sveitarfélaga og skal við það miðað að tillögur hennar komi það tímanlega fram að hægt sé að leggja fram frumvarp um sjálfstjórn héraða fyrir Alþingi veturinn 1988–89.
Nefndin skal gera tillögur um mörk héraða og nöfn þeirra. Við það skal miðað að stjórn héraðanna verði kjörin beint af atkvæðisbærum íbúum þeirra, að þau hafi sjálfstæða tekjustofna og að verkefni, sem nú eru í höndum ríkisins eða sveitarfélaga, verði færð til héraðsstjórnanna. Skýr verka- og tekjuskipting skal liggja fyrir milli stjórnsýslustiga og tryggja skal að saman fari ákvörðunarvald, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð.